

Aðalstjórnarfundur UMFT

7. febrúar 2011

Mættir: Gunnar Þór, Magnús, Jón Daníel og Bertína

Það er búið að festa dagsetningu, stað og stund fyrir Aðalfund UMF Tindastóls. Hann verður 23. febrúar í Húsi Frítímans kl. 20:00.

Rætt var um að Magnús myndi líta á lagabreytingar og koma með hugmyndir í tölvupósti sem fyrst.

Gunnar ætlar að sjá um að aðalfundurinn verði auglýstur í sjónhorninu næsta fimmtudag.

Bertína er búin að gera upp árið 2010 og stefnir á að gera grófa áætlun um greiðslur til deilda á árinu 2011.

Gunnar sagði frá fundi með Byggðaráði um gólfefni í Íþróttahúsinu.

Gunnar sagði frá nefnd sem sett var á laggirnar vegna uppbyggingar á knattspyrnugrasvelli á Sauðárkróki.

Rætt um að boða formannafund í næstu viku og ræða fatamálin með Önnu Siggú á þeim fundi.